

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 10.10.2022
Tilv. 2022/0183 - 0.3.01
MS

Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um leigubifreiðaaakstur, 167. mál

Vísað er til tölvubréfs, dags. 30. september 2022, þar sem Neytendastofu var gefinn kostur á að koma að umsögn um frumvarp til laga um leigubifreiðaaakstur, 167. mál.

Með frumvarpinu er Neytendastofu falið eftirlit með verðupplýsingum leigubifreiða. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við að henni sé falið slíkt eftirlit með lögnum og bendir á að vegna almenns eftirlits með verðmerkingum fellur verkefnið vel að öðrum störfum stofnunarinnar.

Í frumvarpinu er ekki kveðið á um rannsóknar- eða eftirlitsheimildir Neytendastofu í tengslum við eftirlitið. Leigubifreiðar eru ekki undanþegnar almennu eftirlit með verðmerkingum, sem Neytendastofu er falið í 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og því fellur umrætt eftirlit nú þegar undir stofnunina og má líta svo á að tilvísun í 6. mgr. 9. gr. frumvarpsins til þess að Neytendastofa sinni eftirliti með verðmerkingum sé til áréttingar um það eftirlit. Stofnunin vill þó benda á að þar sem ekki er vísað til rannsóknar- og eftirlitsheimilda í frumvarpinu telur hún sér ekki unnt að grípa til aðgerða vegna verðmerkinga leigubifreiða á grundvelli verðandi 6. gr. 9. gr. frumvarpsins. Aðgerðir stofnunarinnar við hugsanlegum brotum yrðu byggðar á lögum nr. 57/2005. Það felur þó í sér að stofnuninni yrði, að hennar mati, ekki unnt að hafa eftirlit með nánari útfærslu verðmerkinga samkvæmt reglugerð ráðherra.

Neytendastofa leggur því til að annað hvort verði reglugerðarheimild ráðherra fjarlægð og Neytendastofa setur ákvæði um verðmerkingar leigubifreiða í reglur sem stofnunin hefur gefið út um verðmerkingar, sbr. reglur nr. 536/2011, eða að bætt verði tilvísun til laga nr. 57/2005 í 6. mgr. 9. gr. frumvarpsins þannig að málsgreinin hljóði svo: *Neytendastofa fer með eftirlit með verðupplýsingum leigubifreiðapjónustu samkvæmt lagagrein þessari. Um málsmeðferð Neytendastofu, úrræði og viðurlög vegna brota á tilgreindum ákvæðum og um kærurétt til áfrýjunarnefndar neytendamála fer að öllu leyti eftir ákvæðum laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.*

Að lokum vill Neytendastofa benda á að 9. gr. felur aðeins í sér skyldu til að tilgreina verð á sölustað, fyrir veitingu þjónustunnar. Stofnunin telur hagsmuni fyrir neytendur af því að verð þjónustu leigubifreiða sé tilgreint á vefsíðum þjónustuveitenda. Leggur stofnunin því til að í ákvæðið verði bætt slíkri skyldu t.d. þannig að 3. og 4. mgr. 9. gr. hljóði svo:

Þegar ekið er samkvæmt gjaldmæli skal verðskrá ávallt vera áberandi og aðgengileg viðskiptavinum áður en farið er inn í bifreiðina og á vefsíðu þjónustuveitanda.

Þegar ferð er seld fyrir fyrirframumsamið áætlað eða endanlegt heildargjald skal verðskrá og þær forsendur sem umsamið heildargjald byggist á vera aðgengilegar viðskiptavinum á sölustað og vefsíðu þannig að ljóst sé hvernig verðlagning er ákveðin.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu


Þórunn Anna Arnadóttir


Matthildur Sveinsdóttir